SPRETTHÓPUR KSÍ OG ÍTF

Framtíðarfyrirkomulag Bestu deildar kvenna

Nóvember 2026

Hópnum var falið að meta reynsluna af núverandi fyrirkomulagi og úrslitakeppninni, áhrif þess að fjölga liðum úr tíu í tólf og hvort úrslitakeppnin eigi að haldast óbreytt, taka breytingum eða falla niður. Greiningin byggist á öllum 1.495 leikjum þriggja efstu deilda kvenna árin 2022 til 2026, leikmannahópum allra liða í Bestu deild og Lengjudeild, nítján umsögnum hagsmunaaðila og afstöðu réttthafa sjónvarpsútsendinga.

Helstu niðurstöður

- **Jafnræði hefur aukist.** Besta deildin er jafnasta kvennadeild landsins og tímabilið 2026 er það jafnasta í úrtakinu: 21,6% leikja unnust með þriggja marka mun eða meira og dreifing stiga var 1,28, sem er lægsta gildi áranna fimm.
- **Úrslitakeppnin skilar spennu, en ekki alltaf.** Skiptingin eftir deildarkeppnina breytir röðinni og hefur skilað hreinum úrslitaleikjum bæði á toppi og botni. Á tveimur af fjórum tímabilum voru þó bæði titill og fall ráðin löngu áður en henni lauk. Árin 2023 og 2025 réðst titillinn þegar tólf leikir voru eftir í deildinni allri og níu til tólf af 21 leik úrslitakeppninnar höfðu ekki áhrif á titil eða fall.
- **Leikmenn og þjálfarar vilja fjölga liðum og fella úrslitakeppnina niður.** Yfirgnæfandi meirihluti þjálfara og leikmanna vill tólf liða Bestu deild með tvöfaldri umferð og án úrslitakeppni.
- **Ójafn leikjafjöldi er helsta umkvörtunarefnið.** Neðri hlutinn leikur tveimur leikjum færra, fall ræðst á þremur leikjum en titillinn á fimm vegna leikjaniðurröðunar, eitt lið í fallbaráttu fær aðeins einn heimaleik og tímabili neðri liðanna lýkur þremur vikum fyrr vegna landsleikjahlés. Þegar ummæli og athugasemdir eru skoðaðar er það þetta, ásamt ólíkum leiktíma innan sömu umferðar, sem truflar flesta.
- **Aðsókn hefur ekki aukist.** Sú þróun er öfug við það sem sést víðast hvar annars staðar. Miðgildi áhorfenda í deildarkeppni fór úr 174 árið 2022 í 153 árið 2026. Úrslitaleikir og aðrir leikir þar sem mikið er undir trekkja hins vegar mjög vel að, en 1.232, 1.095 og 1.625 áhorfendur mættu á þá fjölsóttustu. Áhorfendatölur vantar í 28 af 534 leikjum áranna 2022 til 2026, þar af 21 leik frá árinu 2025. Ekki voru skráðar áhorfendatölur á 9 af 15 leikjum í efri hluta 2026.
- **Leikmannahópar breytast hratt.** Erlendum leikmönnum fjölgaði úr 2,4 í 5,1 á lið frá 2024 til 2026 og hlutdeild þeirra í mörkum fór úr 17% í 31%. Þar skiptir þó máli hvaða lið eru í deildinni hverju sinni. Sex lið léku með fjóra eða færri erlenda leikmenn árið 2026 en flestir voru þeir þrettán í einu liði. Á sama tíma eru um 70 íslenskir leikmenn utan deildarinnar, 40 atvinnumenn erlendis og 30 í bandarískri háskólaknattspyrnu samkvæmt heimildum. Líklegt er að leikmönnum í háskólaknattspyrnu fjölgi þar sem nýjar reglur gefa færi á góðum tekjum meðfram námi. Meðalaldur leikmanna í deildinni er 22,9 ár, sem er það lægsta á Norðurlöndunum (meðalaldur 24.6 ár).
- **Skorður vegna leikjadagatals.** Tímabilið nær nú yfir nær allan gluggann frá miðjum apríl til loka október. Tólf lið með skiptingu gefa 27 leiki á lið, sem rúmast ekki innan hans nema byrjað sé fyrr eða leikjum á virkum dögum fjölgað. Tólf lið án skiptingar gefa 22 leiki á lið, sem geta rúmast innan rammans. Komist A-landsliðið eða U19-landsliðið í úrslitakeppni að sumri getur það haft mikil áhrif á leikjadagatalið. Mótanefnd vill gera ráð fyrir því að landslið taki þátt í úrslitakeppni.
- **Leikjum myndi fjölga við stækkun deildarinnar.** Útfærslan skiptir máli. Verði Besta deild stækkuð í tólf lið fjölgar leikjum í tveimur efstu deildunum um 10%. Verði bæði Besta deild og Lengjudeild stækkaðar, eins og víða er kallað eftir, fjölgar leikjum um 31%.

Samráð við hagsmunaaðila

Nítján umsagnir bárust: níu frá þjálfurum, sex frá fyrirliðum í efstu deild, ein frá Leikmannasamtökunum og þrjár frá forsvarsfólki félaga. Sautján af nítján styðja fjölgun í tólf lið. Ellefu vilja fella úrslitakeppnina niður og ein til viðbótar leggur til að byrjað verði á tvöfaldri umferð, tvær vilja breyta henni, þrjár vilja halda henni, ein er hlutlaus og ein tekur ekki afstöðu. Athygli vekur að tölvupóstur var sendur framkvæmdastjórum og formönnum allra félaga í tveimur efstu deildunum en aðeins þrjár umsagnir bárust hópnum, tvær úr efstu deild og ein úr þeirri næstefstu. Hópurinn veltir því fyrir sér hvort það segi eitthvað um áhuga félaganna á kvennaknattspyrnu.

Gagnrýni á ójafnan leikjafjölda eftir skiptinguna er rauði þráðurinn í öllum hópum. Leikmenn leggja áherslu á álagsdreifingu og lengd tímabilsins fremur en fyrirkomulagið sjálft og benda á að þýðingarlitlir leikir dragi úr leikhraða og skekki titilbaráttuna. Ein umsögn sker sig úr: þar er lagt til að úrslitakeppnin verði felld niður en jafnframt talið að núverandi fyrirkomulag hafi lengt tímabilið og gert það meira spennandi.

Rétthafi sjónvarpsútsendinga er á öndverðum meiði og mælir með óbreyttu fyrirkomulagi, enda auki fleiri leikir kostnað hraðar en tekjur. Bæði rétthafinn og fulltrúar annarra fjölmiðla sem leitað var álits hjá telja að fjölmiðlar eigi æ erfiðara með að manna leiki, einkum beinar lýsingar. Það á bæði við um sjónvarpslýsingar og textalýsingar.

Tillögur hópsins

Mikilvægt er að breytingar séu gerðar hægt og að vel athuguðu máli. Hópurinn bendir á að kostir og gallar fylgja hvaða fyrirkomulagi sem er. Honum var ekki ætlað að leggja fram eina lausn heldur að safna upplýsingum og bera saman afleiðingar þess að halda fyrirkomulaginu óbreyttu eða breyta því. Hópurinn er sammála um að benda á tvær leiðir:

Tillaga A: óbreytt fyrirkomulag. Tíu lið, 18 umferðir og skipting 6/4, 23 eða 21 leikur. Markmiðin með úrslitakeppninni hafa að mestu leyti náðst með jafnari deild og hreinum úrslitaleikjum í lokin sem vekja mikla athygli. Breiddin í getu liðanna er að mestu leyti góð og deildin rúmast innan leikjadagatalsins. Á móti kemur ójafn leikjafjöldi og þremur vikum styttra tímabil neðri liðanna. Taka ber fram að það er ekkert náttúrulögmál að öll lið leiki jafnmarga leiki og tveir viðbótarleikir geta verið gulrót fyrir liðin sem komast í efri hluta úrslitakeppninnar.

Hvers vegna: Fyrirkomulagið hefur aðeins verið við lýði í fjögur tímabil. Deildin hefur orðið jafnari á þeim tíma og hópurinn slær varnagla við því að stækkun sé tímabær, einkum vegna hugsanlegra neikvæðra áhrifa á Lengjudeild og 2. deild. Með þessu fyrirkomulagi aukast jafnframt líkur á spennandi úrslitaleikjum um titil og fall, þar sem leikjaniðurröðun parar í lokin saman lið á svipuðum slóðum í töflunni.

Tillaga B: tólf lið og tvöföld umferð án úrslitakeppni. Öll lið mætast tvisvar og hvert lið leikur 22 leiki. Leikjafjöldi verður jafn og komið er til móts við gagnrýnina á skiptinguna. Tvö félög til viðbótar fá sæti í deildinni og íslenskum leikmönnum í byrjunarliðum fjölgar að mati umsagnaraðila úr 50 til 60 í 60 til 70.

Hvers vegna: Niðurröðun og skipulag slíks móts er einfaldara. Fleiri félög fá stöðu efstudeildarfélags, sem gæti hækkað rána innan þeirra. Mikill vilji er meðal þjálfara og leikmanna til að fella úrslitakeppnina niður. Erlendum leikmönnum gæti þó fjölgað með tilheyrandi kostnaði, en það ræðst fremur af því hvaða félög eru í deildinni hverju sinni. Á móti má mögulega búast við fleiri ójöfnum leikjum fyrstu tímabilin vegna aukins getumunar í deildinni, og hreinir úrslitaleikir yrðu tilviljun háðir í stað þess að leikjaniðurröðun kalli þá fram. Lengjudeildin missir tvö sterkustu lið sín og efstu liðin fara úr 23 leikjum í 22.

Matsþættir

Íþróttaleg gæði og samkeppni:

Samkvæmt tölfræðiúttekt hópsins eykst getumunur eftir því sem neðar dregur í píramídanum. Óbreytt fyrirkomulag skilar því að líkindum jafnari deild. Úrslitakeppnin gefur færi á spennu milli félaga í svipaðri stöðu í lokaumferðunum.

Þróun leikmanna:

Með fleiri liðum leika fleiri leikmenn í efstu deild. Áhrifin á þróun leikmanna ráðast einkum af tvennu: hvaða lið eru í deildinni og hvernig þau afla sér leikmanna og liðsstyrks. Það er staðreynd að víða á landsbyggðinni er erfiðara að fá íslenska leikmenn en erlenda. Að mati hópsins er það hvorki gott né slæmt heldur þurfa félög að fá að sníða sér stakk eftir vexti.

Aðsókn og sýnileiki:

Aðsókn að leikjum í efstu deild hefur dalað undanfarin ár, nema í úrslitakeppninni. Miðgildi skráðs áhorfendafjölda í deildarkeppninni var á bilinu 168 til 175 árin 2022 til 2025 en 153 í ár. Áhorfendum fjölgar í úrslitakeppninni en of oft eru áhorfendatölur ekki skráðar, sem er verulegur ljóður á umgjörð leikja. Til að mynda vantar áhorfendatölur í 21 af 111 leikjum ársins 2025. Hópurinn hefur ekki fengið staðfestar tölur um sýnileika í fjölmiðlum eða áhorf í sjónvarpi. Samkvæmt talningu hópsins á fréttum á fotbolti.net og mbl.is er umfjöllun fjölmiðla mest í upphafi tímabils, líklega þegar verið er að kynna liðin og spá fyrir um tímabilið, og hún minnkar eftir því sem á líður. Tekur aðeins aftur við sér við úrslitakeppnina. Óvíst er hvaða áhrif breytingar hefðu. Félög eru hvött til að skoða leiðir til að auka áhuga og aðsókn, hvert sem fyrirkomulagið verður.

Markaðsvirði og miðlun:

Engar upplýsingar hafa borist um markaðsvirði Bestu deildar kvenna.

Rekstrarforsendur félaga:

Rétthafi gefur til kynna að heildargreiðslur til félaga myndu ekki hækka heldur dreifast á fleiri. Um það verður þó ekkert fullyrt. Fjölgun leikja um 10 til 31% í tveimur efstu deildunum gæti aukið rekstrarkostnað, til dæmis við dómgæslu, öryggisgæslu og sjúkraþjálfun. Tvö lið til viðbótar myndu keppa um leikmenn í efstu deild en erfitt er að fullyrða hvort það skilaði sér í auknum leikmannakostnaði. Það réðist af ákvörðunum hvers félags fyrir sig.

Lengjudeild og aðrar deildir:

Stækkun Bestu deildar hefði veruleg áhrif á Lengjudeildina, sem myndi missa tvö sterkustu lið sín. Þar sem mikið ákall er eftir því að tímabil hennar verði samræmt tímabili Bestu deildar yrði hún að fá sterkustu lið 2. deildar á móti. Hópurinn velti því fyrir sér hvort ruðningsáhrifin niður píramídann yrðu til góðs, enda ríkir t.a.m. óvissa um áhrif aðskilnaðar KA og Þórs á

önnur lið á Norðurlandi. Lengjudeildin hefur styrkst undanfarin ár, en þó þannig að liðin í neðri hlutanum standa þeim bestu lengra að baki en raunin er í Bestu deild. Hugsanlega væri rökréttara skref að stækka Lengjudeild en Bestu deild og efla umgjörð leikmanna 17 ára og eldri. Með því væri byggt undir píramídann fremur en ofan á hann.

Leikjadagatal og keppnistímabil:

Báðar tillögur hópsins rúmast vel innan núverandi leikjadagatals. Hvorki tillaga A né tillaga B leysir þó sjálfkrafa eitt helsta umkvörtunarefni þjálfara og leikmanna, sem er misræmi í leikdögum innan sömu umferðar. Ólíklegt er að það breytist, enda ræðst það fremur af Evrópukeppnum, landsleikjagluggum og óskum félaganna sjálfra um tilfærslur vegna annarra viðburða á félagssvæði þeirra eða í nærsamfélaginu.

Tvær viðbótartillögur

- **Samræma tímabil Lengjudeildar við Bestu deild og endurskoða 2. deild.** Tímabili Lengjudeildar lauk 12. september 2026, fimm til sex vikum á undan efstu deild. Með fjölgun í tólf lið yrðu leikirnir 22 á lið og tímabilinu lyki um miðjan október, en þá þarf að endurskoða 2. deild samhliða.
- **Endurskoða keppnisfyrirkomulag stúlkna eftir 3. flokk.** Brottfall er mikið á þessum aldri, félögin eiga erfitt með að sinna hópnum og það bitnar á hæfileikamótun og félagslegri hlið leiksins. Hópurinn kallar eftir raunhæfum og tímasettum tillögum til úrbóta. Hann veltir því jafnframt upp hvort eðlilegt sé að félög sem hvorki eru með kvennaknattspyrnu né yngri flokka geti greitt atkvæði um úrbótatillögur í kvennaknattspyrnu á ársþingi.

Lokaorð

Hópurinn þakkar traustið og tækifærið til að rýna í fyrirkomulag Bestu deildar kvenna. Ákvörðun um fyrirkomulag snýst ekki um hvor leiðin er réttari heldur um vilja og áhuga félaganna á að byggja undir íslenska kvennaknattspyrnu og með hvaða hætti það verði gert. Þriðju leiðina, tólf lið með skiptingu 6/6, leggur hópurinn ekki fram. Hún gæfi 27 leiki á lið, sem rúmast illa innan tímabilsins ef landsliðin komast í úrslitakeppni. Hún nýtur hvorki stuðnings leikmanna né rétthafa sjónvarpsútsendinga og annarra fjölmiðla sem fjalla um deildina.

Hópurinn leggur til að fyrirkomulag efstu deildar og áhrif þess verði endurmetin að minnsta kosti annað hvert ár, hvert sem fyrirkomulagið verður. Jafnframt leggur hann til að Lengjudeild og 2. deild verði endurskoðaðar hið fyrsta, hugsanlega með það að markmiði að stækka Lengjudeild í tólf lið óháð fyrirkomulagi Bestu deildar. Einnig mætti skoða breytingar á bikarkeppni kvenna og hvort fjölga megi leikjum með henni, eins og til dæmis er gert í Svíþjóð. Ekki var talin þörf á því að taka mið af þörfum efstu deildar karla heldur að einblína á þarfir efstu deildar kvenna.

Í þessu skjali eru helstu niðurstöður hópsins dregnar saman. Nánari gögn er að finna í hjálagðri skýrslu og hópurinn er reiðubúinn til samtals um einstaka þætti.

Spretthópur KSÍ og ÍTF
Daði Rafnsson, formaður
Ásgerður Stefanía Baldursdóttir
Guðbjörg Fanndal Torfadóttir
Helga Helgadóttir
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Kristján Kristjánsson
Linda Hlín Þórðardóttir
Reimar Pétursson

Starfsmenn KSÍ
Axel Kári Vignisson
Birkir Sveinsson